

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús, nr. 97/2012, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús nr. 97/2012, ásamt síðari breytingum, í rétttri númeraröð:

- 1.15 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/2130 frá 17. desember 2020 um framkvæmd ákvörðunar 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, sbr. fylgiskjal 1.15.
- 2.21 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2020/2129 frá 17. desember 2020 um framkvæmd 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, sbr. fylgiskjal 2.21.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 4. janúar 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.15.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2020/2130

frá 17. desember 2020

um framkvæmd ákvörðunar 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.

Viðauka við ákvörðun 2020/12130/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.
(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB hér: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2020/2130/oj.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: <http://data.europa.eu/88u/dataset/consolidated-list-of-persons-groups-and-entities-subject-to-eu-financial-sanctions>.

Fylgiskjal 2.21.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2020/2129

17. desember 2020

**um framkvæmd 1. mgr. 8. gr. a reglugerðar (EB) nr. 765/2020
um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.**

Viðauka við reglugerð 765/2020/ESB skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.
(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB hér: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/2129/oj.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: <http://data.europa.eu/88u/dataset/consolidated-list-of-persons-groups-and-entities-subject-to-eu-financial-sanctions>.